

Þinggerð

9. karateþings

31. janúar 1993,

haldið í fundarsal ÍSÍ.

Þinggerð 9. karateþings 31. janúar 1993.

1. Karl Gauti Hjaltason, formaður KAÍ, setti þingið og bauð þingfulltrúa og gesti þá Árna Þór Árnason og Hafstein Pálson frá stjórn ÍSÍ, velkomna .
2. a) Kosin þingforseti: Stefán Alfreðsson.
b) Varaþingforseti: Ágúst Østerby.
c) Þingritari: Soffía Erlingsdóttir.
3. Kosning í fastanefndir þingsins:
 - a) Kjörbréfanefnd: Sigurjón Gunnsteinsson, Þorsteinn Bjarnason og Sölvi Rafnsson.
 - b) Fjárhagsnefnd: Konráð Stefánsson, Svanhildur Helgadóttir, Halldór Svavarsson.
 - c) Laga- og leikreglnanefnd: Sölvi Rafnsson, Kári Sigurjónsson, Karl Gauti Hjaltason.
 - d) Alsherjarnefnd: Ágúst Østerby, Jónína Olesen, Ingólfur Snorrason.
 - e) Kjörnefnd: Bjarni Ásmundsson, Benedikt Valdimarsson, Jón Ingi Þorvaldsson.
4. Karl Gauti Hjaltason flutti skýrslu stjórnar. Engar athugasemdir voru gerðar. Var skýrslan síðan lögð fyrir þingið og samþykkt einróma.
5. Reikningar KAÍ lagðir fram af Bjarni Ásmundsson, gjaldkera KAÍ. Athugasemdir voru gerðar við skuldir einstaklinga við KAÍ. Svaraði Bjarni og Karl Gauti athugasemdum. Síðan voru reikningar samþykktir einróma.
6. Fjárhagsáætlun fyrir næsta tímabil var lögð fram af Bjarna Ásmundssyni. Var henni síðan vísað til fjárhagsnefndar til umfjöllunar.
7. Karl Gauti Hjaltason kynnti laga- og leikreglnabreytingar sem stjórn KAÍ lagði fyrir þingið. Var þeim vísað til laga- og leikreglnanefndar til umfjöllunar.
- 8.-9. Aðrar tillögur lagðar fram.

Sigurjón Gunnsteinsson flutti tillögu um að skylda keppendur í landsliði að keppa á minnst 3 mótum síðustu 12 mánuði á undan. Vísað til alsherjarnefndar.

Halldór Svavarsson flutti tillögu um að leggja gjald á aðildarfélög til að fjármagna kostnað landsliðsmanna. Vísað til fjárhagsnefndar.

Jónína Olesen flutti tillögu um aðbúnaður á keppnissvæði, sem var vísað til alsherjarnefndar og opinn flokk kvenna á Íslandsmóti. Þeirri tillögu var vísað til laga- og leikreglnanefndar.

Ólafur Wallevik flutti tillögu um breytingu á 10. grein reglna um Íslandsmót. Vísað til laga- og leikreglnanefndar.

Karl Gauti Hjaltason flutti tillögu stjórnar KAÍ um kjör í stjórnir og nefndir. Vísað til kjörnefndar.

Sölvi Rafnsson kom með breytingartillögu við reglugerð um tækninefnd sem lá fyrir til samþykktar á þinginu. Vildi hann 5 menn í tækjanefnd 2 til vara. Vísað til Laga- og leikreglnanefndar.

Jón Ásgeir flutti tillögu um að KAÍ taki þátt í að auglýsa karate. Vísað til alsherjarnefndar.

Ólafur Wallevik, landsliðsþjálfari flutti tillögu um að húsnæði væri pantað 7 ár fram í tímann fyrir mót og annað. Vísað til alsherjarnefndar.

Árni Þór Arnason framkvæmdastjórn ÍSÍ tók til máls og ræddi m.a. stöðu og þátt karate innan ÍSÍ og benti á hliðstæð mál hjá öðrum sérsamböndum. Hrósaði hann karatemönnum hve sjaldan okkar mál bæri á góma á fundum stjórnar ÍSÍ sem væri merki um að okkur gengi vel.

Sölvi Rafnsson tók til máls og ræddi hlut "illa lærðra" leiðbeinenda í karate.

Þinghlé.

10. Nefndarálit og atkvæðagreiðslur um þau.

a) Nefndarálit alsherjarnefnd: Ágúst Østerby las upp nefndarálitið og gerði nokkrar breytingar og bætti við tillögum. Nefndin lagði til að gerð væri mótaskrá eitt ár fram í tíman í 4. liðum: a) Innanfélagsmót. b) Héraðsmót. c) Íslandsmót. d) Aðrar upptökur. KAÍ geri þá kröfu til félaganna að senda inn til KAÍ áætlun um mót í lok starfsárs sem KAÍ tekur saman í mótaskrá. Þar komi fram tími og staðsetning móta. Mótaskrá sendist síðan til félaganna og fjölmiðla. Tillagan var samþykkt.

Alsherjarnefnd kom með breytingu við tillögu Jóns Ásgeirs um auglýsingar í dagblöðum. Var hún á þá leið að KAÍ sæi um auglýsingar í dagblöð tvisvar á ári, þar sem kæmu fram upplýsingar um hvar hægt sé að afa karate, hjá hvaða félögum o.s.frv. Tillagan var felld. Alsherjarnefnd mælti með tillögu um samæfingu allara stíltegunda verði haldin í lok febrúar ár hvert, var samþykkt.

Alsherjarnefnd mælti með tillögu um aðbúnað á keppnisvæði á Íslandsmeistaramótum þess háttar að keppnisvellir verði afgirtir til að komast hjá átroðningi annara keppenda og áhorfenda, með súlum og köðlum. Tillagan var samþykkt.

Tillaga um að skylda þá sem keppa erlendis til að taka þátt í a.m.k. 3 mótum á næstu 12 mánuðum á undan annars verði menn ekki styrktir af KAÍ. Tillagan var felld.

b) Nefndarálit laga- og leikreglanefnd flutt af Karli Gauta Hjaltasyni.

Breyting á 10. gr. reglna um Íslandsmót var borin upp í tvennu lagi. Í fyrsta lagi skal í upptalningu á þeim kötum sem nota má í fyrri umferð skal koma *jion* í stað *heian godan* fyrir shotokan. Tillagan var samþykkt. Í öðru lagi skal í sömu upptalningu koma *jiin* í staðin fyrir *pinan godan* fyrir sankukaido. Tillagan var samþykkt.

Breyting á 8. gr. fjallaði um viðbót við keppnisflokka á unglingsmeistaramóti. Hjómar sá þáttur 8. gr. því svona: ... Á unglingsmeistaramótinu skal keppt í eftirfarandi greinum:

- 1) Kata barna 8 ára og yngri.
- 2) Kata barna 9 og 10 ára.
- 3) Kata krakka 11 og 12 ára.
- 4) Kata táninga 13 og 14 ára.
- 5) Kata unglinga 15 og 16 ára.
- 6) Kata eldir unglinga 17 og 18 ára.
- 7) Kata juniora 19 og 20 ára.
- 8) Hópkata barna 12 ára og yngri.
- 9) Hópkata táninga 13 og 16 ára.
- 10) Hópkata juniora 17 og 20 ára.
- 11) Kumite stráka 12 ára.

- 12) Kumite drengja 13 og 14 ára.
- 13) Kumite pílta 15 og 16 ára.
- 14) Kumite eldri pílta 17 og 18 ára.
- 15) Kumite juniora 19 og 20 ára.
- 16) Kumite telpna 12 til 15 ára.
- 17) Kumite junior stúlkna 16 til 20 ára...

Tillagan var samþykkt.

Tillaga um fjölgun umferða í kvennaflokk var felld.

Tillaga um fjölgun kvennaflokka á Íslandsmóti var samþykkt. Hjómar því sá hluti 8. gr. um Íslandsmót svo:

... Á kumite-mótinu skal keppt í eftirfarandi greinum:

- 1) Kumite kvenna, opinn flokkur, sanbon shobu.
- 2) Kumite kvenna, opinn flokkur, ippon shobu....

Laga- og leikreglnarnefnd lagði til að reglur um tækninefnd KAÍ yrðu samþykktar óbreyttar. Því næst var borin upp breytingartillaga við reglur um tækninefnd og hún felld. Tillaga stjórnar KAÍ um tækninefnd var því samþykkt óbreytt.

Að lokum bar laga- og leikreglnarnefnd upp tillögu um félagaskipti. Var tillagan samþykkt og hljóðar hún svo:

16. gr. Félagaskipti skal tilkynna til stjórnar KAÍ skriflega ásamt samþykkti forsvarsmanns þess félags sem gengið er í. Viðkomandi þarf að leggja fram staðfestingu fyrra félags um að hann sé skuldlaus við það. Félagaskipti sem tilkynnt er á tímabilinu 1. júní til 1. september ár hvert taka gildi um leið og stjórn KAÍ samþykkir þau. Félagaskipti sem tilkynnt eru á öðrum tímum og taka ekki gildi fyrr en að liðnum 2 mánuðum eftir að tilkynningin er sannarlega póstsett og stjórn KAÍ síðar samþykkir þau.

Færast hinar greinarnar sem á eftir koma, í reglum um Íslandsmeistaramót í karate, aftur um einn lið.

- c) Nefndarálit fjárhagsnefndar flutti Halldór Svavarsson.

Fjárhagsnefnd gerði ekki athugasemdir við tillögur stjórnar KAÍ um tekjur en gerði breytingar á útgjaldaliðum áætlunarinnar. Var fjárhagsáætlun fjárhagsnefndar eftirfarandi:

Tekjur:

Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	500 þús.
Lottó tekjur	600 þús.
Norræni Menningarmálasjóðurinn	70 þús.
Tekjur af mótum	300 þús.
Aðrar tekjur	300 þús.
-----	-----
	1770 þús.
Úr rekstri fyrra árs	230 þús.
-----	-----
Samtals	2000 þús.
=====	=====

Gjöld:

Landsliðsþjálfari	380 þús.
Gestþjálfun	100 þús.
NM 1993 + styrki til keppenda	400 þús.
Önnur mót erlendis	520 þús.
Mótshald + kynningar f. mót	250 þús.
EKU-gjald	50 þús.
Húsgagnakaup	150 þús.
Námskeið og annað	50 þús.
Styrkur til blaðaútgáfu og skylda starfsemi ...	100 þús.
-----	-----
Samtals	2.000 þús.
=====	=====

Kom fram breytingartillaga frá Karli Gauta, formanni KAÍ, um að í liðinn önnur mót erlendis færu 400 þús. og nýr liður, kynningarbæklingur fengi 120 þús. Breytingartillagan var felld. Þá var fjárhagsáætlun borin upp og hún samþykkt.

- d) Nefndarálit kjörnefnd flutti Bjarni Ásmundsson. Kynnti hann tillögu nefndarinnar að nýrri stjórn og varastjórn. Einnig tillögur að endurskoðendum, fulltrúum í karatedómstól og formenn nefnda KAÍ. Aðeins barst mótframboð í kosningu í karatedómstóll.

11. Kosning stjórnar, varastjórnar og endurskoðenda

Eftirtaldir hlutu kosningu:

Formaður KAÍ: Karl Gauti Hjaltason.

Meðstjórnendur: Stefán Alfredsson,
Bjarni Ásmundsson,
Jón Ívar Einarsson,
Ingólfur Snorrason.

Varastjórn: Sölvi Rafn Rafnsson,
Tryggvi Erlingsson,
Matthías Matthíasson.

Endurskoðendur: Jón Ingi Þorvaldsson,
Einar M Einarsson.

12. Kosning í karatedómstól.

Karatedómstóll: Bjarni Ásgeirsson,
Konráð Stefánsson,
Jón Ásgeir Blöndal.

13. Kosning í aganefnd.

Aganefnd: Karl Gauti Hjaltason,
Kári Rafn Sigurjónsson,
Konráð Stefánsson,
Sölvi Rafn Rafnsson,
Ævar Þorsteinsson.

14. Önnur mál. Kosning í fastanefndir KAÍ.

Landsliðsnefnd: Konráð Stefánsson,
Tryggvi Erlingsson,
Halldór Svavarsson.

Mótanefnd: Ingólfur Snorrason,
Jón Ingi Þorvaldsson,
Hjalti Ólafsson.

Tækninefnd: Ólafur Wallevik,
Stefán Alfreðsson,
Jónína Olesen.

Til vara: Sölvi R Rafnsson,
Grétar Halldórsson,
Karl Gauti Hjaltason.

Þá tók til máls Karl Gauti Hjaltason, formaður KAÍ. Þakkaði hann mönnum fyrir komuna og þá vinnu sem lögð var fram og sagði jafnframt að þetta væri fjölmennasta karateþing hingað til.

15. Stefán Alfreðsson sleit þingið sleit kl. 16.55 og þakkaði þingfulltrúum komuna.

Stefán Alfreðsson, þingforseti.

Soffía Erlingsdóttir, þingritari.

Þingfulltrúar á 9. karateþingi 31.01.1993

ÍSÍ:

Árni Þór Árnason,
Hafsteinn Pálsson.

Sveinn R Ólafsson,
Tryggvi Erlingsson,
Vicente Carrasco,
Þorleifur Jónsson.

KAÍ:

Karl Gauti Hjaltason, formaður,
Bjarni Ásmundsson, gjaldkeri.

ÍA (1):

Jón Ingi Þorvaldsson.

Þingfulltrúar:

ÍBR (33):

Ágúst Østerby,
Árni Árnason,
Árni Haraldsson,
Bjarni Ásmundsson,
Björgvin Ragnarsson,
Börkur Jakobsson,
Dagný Ósk Ásgeirsdóttir,
Geirmundur Orri Sigurðsson,
Gerhard Chinotti,
Gunnar I Halldórsson,
Halldór Svavarsson,
Heiða B Ingadóttir,
Hjalti Ólafsson,
Hlynur Áskelsson,
Inga Rós Skúladóttir,
Jens Jónsson,
Jón Ásg Blöndal,
Jón Ívar Einarsson,
Jónína Olesen,
Konráð Stefánsson,
Kristína R Berman,
Matthías Matthíasson,
Ólafur Wallevik,
Pálína Sif Gunnarsdóttir,
Rúðolf Rúnarsson,
Sigurður M Ólafsson,
Sigurjón Gunnsteinsson,
Soffía Erlingsdóttir,
Svanhildur Helgadóttir,

UMSK (7):

Hrefna Ragnarsdóttir,
Karl Gauti Hjaltason,
Magnús Eyjólfsson,
Róbert Ö Axelsson,
Stefán Alfreðsson,
Stefán B Sigurðsson,
Þorsteinn Yngvi Bjarnason.

HSK (7):

Benedikt Valdimarsson,
Daðey Hannesdóttir,
Ingólfur Snorrason,
Kári Rafn Sigurjónsson,
Ottó Rafn Halldórsson,
Sölvi R Rafnsson,
Þórólfur S Sæmundsson,

Fjöldi þingfulltrúa 48.